

Velferðarráð Reykjavíkur  
bt. Heiðu Bjargar Hilmisdóttur  
Tjarnargata 11  
101, Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2019

### **Efni: Fjárstuðningur til handa Afstöðu vegna fjárhagsörðugleika í lok árs**

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, kt. 580205-1430, óskar með bréfi þessu eftir fjárstuðningi upp á tvær og hálf milljón króna (2.500.000 kr.) frá velferðarráði Reykjavíkurborgar vegna verulegra og ófyrirséðra útgjalda ársins 2019.

Eins og fulltrúum velferðarráðs er eflaust kunnugt um þá hefur Afstaða frá stofnun barist fyrir réttindum fanga á Íslandi. En aftur á móti fer í seinni tíð sífellt meiri tími og fjármunir í að hlúa að fönngum, verðandi fönngum, fyrrverandi fönngum og aðstandendum þeirra. Á árinu 2019 hafa fangelsismál, sem betur fer, verið ofarlega í umræðunni og félagið því einnig. Með vaxandi athygli hefur verkefnum því fjölgað gríðarlega. Þannig hefur Afstaða á undanförunum vikum og mánuðum hitt þingmenn, ráðherra og þingflokka vegna ýmissa lagafrumvarpa sem eru nú í smíðum og tekið þátt í vinnuhópum á vegum ýmissa aðila, þar á meðal ráðuneyta.

Afstaða hefur lengst af árs rekið skrifstofu á Bíldshöfða og haft þar starfsmann í hlutastarfi. Honum, ásamt undirrituðum og sjálfboðaliðum úr stjórn, hefur ekki tekist að anna allri eftirspurn og félagið því þurft að sækja þjónustu út fyrir skrifstofuna, m.a. til félagsráðgjafa og sálfræðings auk lögfræðisþjónustu. Félagið sem rekið er fyrir sjálfsaflafé hugðist hafa tekjur af útseldum neyðargistirýmum fyrir fyrrverandi fanga í skrifstofuhúsnæðinu og eru þar nú þegar sex uppabúin rúm í þremur herbergjum. Regluverkið reyndist aftur á móti afskaplega íþyngjandi og hefur enn ekki tekist að koma neyðargistiþjónustu Afstöðu á koppinn. Félagið er því í ríkulegum mínus í árslok og vonast að því sögðu eftir því að fulltrúar velferðarráðs sjái nauðsyn þess að halda úti þjónustu Afstöðu, enda skjólstæðingarnir flestir frá höfuðborginni.

Afstaða hefur undanfarna mánuði leitað styrkja, rétt eins og undanfarin ár, en illa gengið. Fjárstuðningur frá velferðarráði yrði því til þess fallin að halda starfsemi félagsins í réttum farvegi fram á næsta ár en ljáðst hafði að sækja um styrk fyrir þetta ár 2019. Það er fyrirsjáanlegt að Afstaða getur ekki rekið þá þjónustu sem nauðsynleg er án styrkveitinga og því má gera ráð fyrir að skrifstofuhald félagsins leggist niður og umfang aðstoðar dragist verulega saman.

Virðingarfyllst,

---

Guðmundur Ingi Þóroddsson  
formaður Afstöðu